

Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjuöflun ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, LMós, MSch, ÖJ, SII).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Gengishagnað af hvers konar innlánsreikningum í erlendri mynt á því ári sem gengisbreyting á sér stað skal færa til tekna og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok eða á úttektardegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

 - a. 2. másl. 1. mgr. 5. tölul. orðast svo: Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2.000.000 kr. á ári.
 - b. 2.–3. mgr. 5. tölul. falla brott.
3. Við 7. gr. bætist nýr liður er verði c-liður, svohljóðandi: Orðin „og afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 9. tölul. a falla brott.
4. 8. gr. falli brott.
5. Við 13. gr.
 - a. Við bætist nýr stafliður er verði b-liður, svohljóðandi: 2. og 3. másl. 2. mgr. falla brott.
 - b. Lokamáslíður b-liðar falli brott.
6. Við 14. gr. Við a-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fjárhæðarmörk tekjuskattstofns skv. 1.–4. tölul. skulu taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun á launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils. Breytingarnar á framangreindum viðmiðunarmörkum skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs í fyrsta sinn í árslok 2010.
7. Við d-lið 25. gr. (XXXIII).
 - a. Í stað „og 2012“ í 1. másl. komi: 2012 og 2013.
 - b. B-liður orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 73. gr. skulu lögaðilar telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs. Þá skulu lögaðilar telja fram eignarhlutdeild sína í félögum skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. á sama hátt.

Við ákvörðun auðlegðarskattstofns skal telja hlutabréf í félögum sem skráð eru í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Sá sem á hlut í félagi sem ekki er skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði skal telja fram til auðlegðarskattstofns hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins

- eins og það er talið fram í skattframtali félagsins skv. 1. mgr. þessa stafliðar. Þann hluta virðis eignarhluta í félagi sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð skal telja fram í skattframtali 2011, 2012 og 2013.
- c. Við h-lið bætist tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Auðlegðarskattstofn vegna árunna 2009, 2010 og 2011 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013 með tilliti til viðbótareignar skv. b-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. másl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2011, 2012 og 2013.
8. Við 29. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Við 1. mgr. bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Það sama á við þegar sýnt þykir að heildarárstekjur samskattaðs aðila muni nema lægri fjárhæð en 7.800.000 kr. Þá skal heimilt að taka tillit til ákvæða 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og endurreikna þá staðgreiðslu sem innt hefur verið af hendi. Þó skal slík endurgreiðsla aldrei nema lægri fjárhæð en 50.000 kr. eða hærri fjárhæð en 100.000 kr.
9. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
- a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári og áfallinn í árslok af reikningum í innlánsstofnunum. Sama á við um gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins.
- b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Ekki skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu, sbr. þó 3. og 4. másl. 1. tölul. 1. mgr.
10. Á eftir 39. gr. (er verði 38. gr.) komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
- a. (39. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „0,25%“ í 18. gr. laganna kemur: 0,325%.
- b. (40. gr.)
Við 22. gr. laganna bætist: og meðferð framlagsins í uppgjöri sjóðanna.
11. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
1. gr., a-liður 7. gr., 8.–9. gr., 18.–20. gr., 24. gr. og a-liður 32. gr. öðlast þegar gildi. 2.–6. gr., 2. efnismásl. b-liðar og c-liður 7. gr., 10.–12. gr., 1.–4. tölul. a-liðar og b- og c-liður 13. gr., 14.–17. gr., 21.–23. gr., 25.–31. gr., b-liður 32. gr. og 33.–40. gr. öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.
1. efnismásl. b-liðar og d-liður 7. gr. öðlast gildi 1. janúar 2011 og koma til framkvæmda við álagningu 2012.
5. tölul. a-liðar 13. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda á staðgreiðsluárinu 2011 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2012.